



Ferðalög standa á bak við aukinn inn- og útflutning þjónustu



Þjónustuútflutningur nam 131,5 ma.kr. á fyrsta fjórðungi ársins og jókst hann um 7,4 ma.kr. eða 6% milli ára. Þjónustuinnflutningur nam hins vegar 99 ma.kr. og jókst um 16,1 ma.kr. eða 19,4%. Afgangur af þjónustujöfnuði nam því 32,6 ma.kr. og dróst saman um 8,7 ma.kr. eða 21,1%. Þetta er engu að síður annar mesti afgangur af þjónustujöfnuði sem mælst hefur.

Ferðaðþjónustan stendur á bak við aukinn útflutning

Eins og verið hefur síðustu ár bar vöxtur ferðaðþjónustu uppi heildaraukningu í þjónustuútflutningi. Útflutningur ferðaðþjónustu skiptist í annars vegar þjónustuliðina ferðalög og hins vegar farþegaflutninga. Ferðalög, sem mæla útgjöld erlendra ferðamanna hér á landi utan kaupa þeirra á flugþjónustu innlendra flugfélaga, jukust um 4,3 ma.kr. eða 7,4% milli ára. Sú upphæð skýrir um 58% af heildaraukningu þjónustuútflutnings milli ára. Farþegaflutningar jukust hins vegar einungis um 700 m.kr. eða um 2,1% og skýra 9,3% af heildaraukningu þjónustuútflutnings. Samanlagt skýrir útflutningur ferðaðþjónustu því 67% af heildaraukningu þjónustuútflutnings.

Aukning útflutnings ferðalaga í samræmi við fjölgun ferðamanna

Aukning útflutnings ferðalaga var í nokkuð góðu samræmi við talningar á fjölda ferðamanna hér á landi en fjöldi ferðamanna var 6,3% meiri á fyrsta ársfjórðungi en á sama tímabili í fyrra. Aukning útflutnings ferðalaga rímar hins vegar ekki vel við breytingu í kortaveltu erlendra greiðslukorta en hún dróst saman um 7,5% á fyrsta ársfjórðungi borið saman við sama tímabil í fyrra. Það sem gæti skýrt þennan mun í vexti að einhverju leyti er að ferðamenn hafi í meira mæli borgað neyslu sína hér á landi fyrirfram í gegnum erlendar bókunarsíður en slíkt mælist ekki í kortaveltu erlendra greiðslukorta hér á landi. Annað sem gæti einnig skýrt mismuninn er að ferðamenn hafi dregið úr kaupum sínum á





flugþjónustu innlendra flugfélaga. Hér er einnig rétt að benda á að meðalgengi krónunnar tók litlum breytingum á fyrsta ársfjórðungi miðað við sama tímabil í fyrra. Þannig var gengisvísitalan einungis 0,4% lægri en í fyrra.


Verðþróun í flugi dregur úr tekjum farþegaflutninga

Aukning í útflutningi farþegaflugs var töluvert minni en aukning í ferðalögum. Það skýrist líklega að mestu leyti af verðþróun í flugi. Einn af undirliðum vísitölu neysluverðs er verð á flugi til útlanda. Sá liður var 9,4% lægri á fyrsta ársfjórðungi borið saman við sama fjórðung í fyrra. Nú þarf þessi liður ekki að endurspeglar verðlagningu gagnvart þeim erlendu ferðamönnum sem kaupa sér þjónustu íslenskra flugfélaga. Ef hins vegar gert er ráð fyrir að hann geri það og útflutningur farþegaflugs er staðvirtur með þessari vísitölu má sjá að raunaukning í farþegaflutningum var 12,6% á fyrsta ársfjórðungi.


Ferðalög Íslendinga standa á bak við aukinn innflutning þjónustu

Svipuð þróun var uppi á teningnum í innflutningi þjónustu eins og útflutningi þjónustu að því leyti að aukning í ferðalögum stóð á bak við langstærstan hluta í heildaraukningu í þjónustuinnflutningi. Innflutningur þjónustu jókst um 16,1 ma.kr. og innflutningur ferðalaga, sem stendur fyrir neysluútgjöld ferðalaga Íslendinga erlendis, um 8,2 ma.kr. sem er rúmlega helmingurinn af aukningu þjónustuútflutnings. Alls nam innflutningur ferðalaga 42,3 ma.kr. á fjórðungnum og jókst hann um 24,1% milli ára. Ferðalög Íslendinga erlendis hafa aukist mikið á síðustu misserum samfara uppgangi efnahagslífsins sem birst hefur m.a. í auknum kaupmætti heimila í krónum og sterkara gengi krónunnar sem aftur hefur aukið kaupmátt íslenskra heimila erlendis. Brottförum Íslendinga frá Leifsstöð hefur fjölgað á hverju ári frá og með árinu 2010. Meðalfjölgunin hefur verið 11,9% á þessu tímabili en á síðustu þremur árum hefur fjölgunin verið umfram það. Á síðasta ári voru brottfarir Íslendinga frá Leifsstöð 619 þúsund og lætur því nærri að hver Íslendingur hafi farið að meðaltali tvisvar sinnum til útlanda. Til samanburðar voru brottfarir einungis 255 þúsund árið 2009.

Hagsjá



Staðvirt með mælingu á liðnum flugfargjöld til útlanda í VNV
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Aukning á 12 mánaða grundvelli
Heimild: Ferðamálastofa, Hagstofa Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.